

Ed.

649. Nefndarálit

[117. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frá upphafi byggðar á Íslandi hefur ættfræði verið mikils metin með þjóðinni. Íslendingar hafa og fullkomnara yfirlit um uppruna sinn og ættir en flestar aðrar þjóðir.

Ættfræði er og verður fyrst og fremst rannsóknarstarf, þar sem lagðar eru til grundvallar heimildir, sem aðallega eru í vörzlu Þjóðskjalasafns og Landsbókasafns.

Fyrir þrettán árum var samkvæmt lögum stofnað embætti æviskrárritara, og er það tengt Þjóðskjalasafni.

Minni hl. menntamálanefndar telur ekki ástæðu til að breyta þeirri skipan, þannig að stofnað verði prófessorsembætti í ættfræði við Háskóla Íslands, og leggur til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 5. maí 1969.

Páll Þorsteinsson.